



Landsvirkjun

LV-2019-069

Gróðurstyrking í Húsey Framkvæmdir og framvinda 2019

Tillaga að áætlun 2020

Lykilsíða



Skýrsla LV nr: LV-2019-069

Dags: nóvember 2019

Fjöldi síðna: 5

Upplag: Rafræn

Dreifing:

- Birt á vef LV
 Opin
 Takmörkuð til

Titill: Gróðurstyrking í Húsey. Framkvæmdir og framvinda 2019. Tillaga að áætlun 2020

Höfundar/fyrirtæki: Rúnar Ingi Hjartarson / Landgræðslan

Verkefnisstjóri: Árni Jóhann Óðinsson (LV) / Rúnar Ingi Hjartarson (Lr)

Unnið fyrir: Landsvirkjun

Samvinnuaðilar: Landgræðslan

Útdráttur: Með tilkomu Kárahnjúkavirkjunar og að Jökulsá á Dal er nú veitt í Lagarfljót hefur orðið vart við breytingar á gróðurfari í landi Húseyjar á Úthéraði. Mótvægisáðgerðir hafa undanfarin ár falist í áburðargjöf og sáningu melgresis í rofsvæði. Á vegum Landsvirkjunar var 3 tonnum af áburði dreift í landi Húseyjar, á svæðinu umhverfis Tangann, með bökkum Lagarfljóts og við bakka Jökulsár á Dal. Landgræðslan hefur umsjón með verkefninu fyrir hönd Landvirkjunar.

Lykilorð: Gróðurstyrking, framvinda, dreifing, áburður, uppgræðsla, Húsey, sáning, melgresi.

ISBN nr:

Samþykki verkefnisstjóra
Landsvirkjunar

LV-2019-069
LR-2019/18

Gróðurstyrking í Húsey Framkvæmdir og framvinda 2019 Tillaga að áætlun 2020





Skýrsla nr. LR-2019/18 Dagsetning: 13.11.2019

Fjöldi blaðsíðna: 5

Heiti: Gróðurstyrking í Húsey. Framkvæmdir og framvinda 2019. Tillaga að áætlun 2020

Höfundur: Rúnar Ingi Hjartarson

Ljósmyndir: Rúnar Ingi Hjartarson

Verkefnisstjóri: Rúnar Ingi Hjartarson

Unnið fyrir: Landsvirkjun

Samstarfsaðilar: _____

Útdráttur: Með tilkomu Kárahnjúkavirkjunar og að Jökulsá á Dal er nú veitt í Lagarfljót hefur orðið vart við breytingar á gróðurfari í landi Húseyjar á Úthéraði. Mótvægisáðgerðir hafa undanfarin ár falist í áburðargjöf og sáningu melgresis í rofsvæði. Á vegum Landsvirkjunar var 3 tonnum af áburði dreift í landi Húseyjar, á svæðinu umhverfis Tangann, með bökkum Lagarfljóts og við bakka Jökulsár á Dal. Landgræðslan hefur umsjón með verkefninu fyrir hönd Landvirkjunar.

Efnisorð: Gróðurstyrking, framvinda, dreifing, áburður, uppgræðsla, Húsey, sáning, melgresi.

Verkefnisstjóri:

Rúnar Ingi Hjartarson



Efnisyfirlit

| | | |
|----------|--|----------|
| 1 | Inngangur | 1 |
| 2 | Áætlun sumarsins og undirbúningur | 1 |
| 3 | Aðstæður | 1 |
| 4 | Framkvæmdir 2019 | 2 |
| 5 | Framvinda og samantekt | 2 |
| 6 | Áætlun 2020 - tillaga | 5 |

1 Inngangur

Breytingar hafa orðið á vatnafari í landi Húseyjar í kjölfar Kárahnúkavirkjunar. Aukið rennsli er í Lagarfljóti og minna í Jökulsá, sem væntanlega hafa haft breytingar í för með sér. Vatn hefur m.a. flætt yfir gróið land á viðkvæmum tíma fyrir gróður með tilheyrandi rofhættu. Auk þess hleðst sandur upp í farvegi Jökulsá og veldur áfoki á nýjum stöðum með bökkum árinna. Samkvæmt skýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands *Gróðurbreytingar 2006-2012 á Hvalbeinsrandarsandi og í Kilamýrar í landi Húseyjar á Úthéraði* (NÍ -13006) hefur grunnvatnsstaða hækkað á síðustu árum á þeim svæðum sem til stóð að græða upp. Þetta veldur m.a. breytingum á gróðurfari. Hækkun grunnvatns gekk að einhverju leiti til baka með lagfæringum á ósi Lagarfljóts í júní 2014. Sú aðgerð hefur dregið úr flóðahættu.

Árið 2010 hóf Landsvirkjun mótvægisáðgerðir í landi Húseyjar á Fljótaldalshérði. Þær eru til komnar vegna breytinga í Lagarfljóti og Jökulsá á Dal í kjölfar Kárahnjúkavirkjunar eins og t.d. aukinnar flóða- og landbrotshættu með bökkum. Áðgerðirnar felast í áburðargjöf á Tanga og ströndina umhverfis hann. Tanginn er nú gróinn að mestu en undanfarin ár hefur vaxandi áhersla verið á ströndina utan við Tanga og með Jökulsá þar sem vart hefur verið við áfok upp úr áreyrum inn á gróðurlendi sum ár. Melfræi hefur verið sáð í sandfláka á svæðinu eftir því sem þörf og aðstæður gefa tilefni til.

2 Áætlun sumarsins og undirbúningur

Svæðin voru skoðuð, 28.6.2019 af héraðsfulltrúa Landgræðslunnar. Áætlun sumarsins endurmetin fyrir Húsey og farið yfir framkvæmdir með ábúenda sem tekur að sér verkið.

Áhersla var á bakkann utan við Tanga og norður að Hvalbeinsrandarsandi. Sandkrika beggja megin við Hvalbeinsrandarsand. Standlengju Jökulsár við Kríubakka og eyrar þar utan við. Gert var ráð fyrir að dreifa 3 tonnum af áburði og sá 40 kg af óhúðuðu melfræi. Áætlað var að dreifa 200 kg/ha af áburði í sandkrikana beggja megin sands, um 120 kg/ha í bakka með Lagarfljóti og svipuðum skammti eða minna á bakka og eyrar við Kríubakka. Melfræi verður sáð í sandorpin svæði innan við Hvalbeinsrandarsand.

3 Aðstæður

Veðurfar var afar hagstætt gróðri snemma vors 2019 en varð seinna lengst af bæði þurrt og svalt fram á mitt sumar. Sumarið fremur vott en haust ágætlega milt og frostlaust út vaxtartíma gróðurs. Vorið var hagsælt og vorflóð ekki til vandræða svo neinu nemi. Engin stór flóð komu í árnar þetta árið.

Talsvert álag vatns virðist vera á lágan, að mestu gróinn bakka á milli Tanga og Hvalbeinsrandarsands. Töluvert af lausum sandi hefur borist inn á gróin svæði og rofvik virðast vera að myndast í bakka.

Eftir að Jökulsá breytti farvegi sínum við Húsey jókst áfok fyrstu árin á eftir á hluta bakkans á neðstu svæðum Húseyjartorunnar. Gróður var þar auk þess veikur en hefur styrkst mikið undanfarin tvö ár með hjálp áburðargjafar. Engin merki um áfok til skaða sáust í skoðunarferðum sumarsins 2019.

Töluverð gæsabeit er á svæðinu en einnig sækja þangað hreindýr og búfenaður í auknum mæli.

4 Framkvæmdir 2019

Notaður var áburðurinn Sprettur 26-13. Gróður var styrktur á mögulegum sandfokssvæðum með bökkum Jökulsá við Kríubakka og eyrum þar utan við, alls u.þ.b. 1,2 tonn. Við Lagarfljót var haldið áfram að styrkja sandkrika og gróður á bakka suður af Hvalbeinsrandarsandi, 1,8 tonn. Tanginn sjálfur fékk engan áburð þetta árið frekar en undanfarin ár. Samanlagt voru borin á 3 tonn af áburði á Húseyjarland á vegum Landsvirkjunar. Ábúendur í Húsey sáu alfarið um dreifingu áburðar sumarið 2019. Tafla 1 sýnir dreifingu á áburðinum en auk hennar er vísað til myndar nr. 9 varðandi staðsetningu svæða.

Tafla 1. Aðgerðir 2019

| Svæði | Ha | Kg áb. | Kg/ha áb. |
|---------------------------|----|--------|-----------|
| Áreyri Jökulsár | 8 | 960 | 120 |
| Kríubakki Jökulsá | 2 | 240 | 120 |
| Strönd Lagarfl. og sandur | 12 | 1.800 | 150 |
| Samtals | 22 | 3.000 | |

5 Framvinda og samantekt

Framkvæmdasvæðin voru skoðuð þann 2.10.2019 af Rúnari Inga Hjartarsyni héraðsfulltrúa Landgræðslunnar og Árna Óðinssyni fulltrúa Landsvirkjunar. Laufey Ólafsdóttir ábúandi á Húsey leiddi um uppgræðslusvæðin.

Sæmilegur árangur er af aðgerðum sumarsins en óhagstætt tíðarfar lengst af sumri hafði talsverð áhrif á framvinduna. Framvinda í kjölfar áburðargjafar og sáningar melgresis á sl. árum á Tangasvæðinu og Rönd er áfram mjög góð. Bakkinn er algróinn og aðeins einstaka rof enn sjáanlegt. Svæðið á milli Tanga og Hvalbeinsrandarsandi er enn mjög opið á köflum og virkir rofgeilar þar. Beitarummerki eru þar líka mikil bæði af gæs og búfenaði, og mun hún hafa talsverð áhrif á framvinduna.

Bakkinn við Jökulsá er einnig mun betur gróinn en var og gróður nú mun betur í stakk búinn að taka við hugsanlegu áfoki upp úr farvegi Jökulsár en var fyrir nokkrum árum síðan. Ekki var vart við neitt áfok þetta árið og umhverfið orðið stöðugra þó enn sé gróður þar viðkvæmur.

Auk þessara aðgerða bar Landgræðslan á Hvalbeinsrandarsandinn og ábúandi bar á í gegnum verkefnið Bændur græða landið umtalsverð svæði í grennd við Röndina.



Mynd 1: Lagarfljót strand, til suðurs.



Mynd 2: Lagarfljót strand, til norðs.



Mynd 3: Sandkriki sunnan við Hvalbeinsrandarsand.



Mynd 4: Á sandkrika.



Mynd 5: Norðan við Hvalbeinsrandarsand er gróður sterkari.




Mynd 6: Með Jökulsá.



Mynd 7: Eyja á eyrum undan Kríubakka sem hefur sum undanfarin ár fengið áburð.



Mynd 8: Eyri undan Kríubakka. Áborið í fyrra hægra megin.



Mynd 9: Gróðurstyrking í Húseyjarlandi sumarið 2019.

6 Áætlun 2020 - tillaga

Gert er ráð fyrir að halda áfram gróðurstyrkingu á landi Húseyjar með 3 tonnum af áburði og sáningu á 40 kg af óhúðuðu melfræi.


Tafla 2. Húsey, gróðurstyrking 2020 - tillaga

| Svæði | Ha | Kg áb. | Kg fræ | Kg/ha áb. |
|--------------------------|----|--------|--------|-----------|
| Með bökkum Lagarfljóts | 8 | 1.200 | 30 | 150 |
| Sandkriki A (Hvalb.r.s.) | 3 | 600 | 10 | 200 |
| Sandkriki N (Hvalb.r.s.) | 3 | 600 | | 200 |
| Jökulsáreyrar | 5 | 600 | | 120 |
| Samtals | 19 | 3.000 | 40 | |

Áhersla verði lögð á að styrkja gróður sem liggur með strönd Lagarfljóts, á milli Tanga og Hvalbeinsrandarsands, ásamt „Sandkrikum“ beggja vegna Hvalbeinsrandarsands, sérstaklega þann syðri. Sá melfræi í rofdíla á milli Tanga og Hvalbeinsrandarsands með líkum hætti og gert hefur verið undanfarin ár með ágætis árangri.

Kríubakki sem nú er innan girðingar er enn rýr. Lagt er til að áherslan verði á að halda við uppgræðslunum á eyrunum og í gróðurtorfum út af bakkanum til að binda sandinn þar.

Þessu til stuðnings mun Landgræðslan áfram bera á Hvalbeinsrandarsand og „hreiður“ austarlega á Röndinni. Í gegnum Bændur græða landið verður borið á miðbik Eyjunnar og hluti áburðar nýttur á Kríubakka sem nýlega komu inn í girðinguna.



Mynd 10: Tillaga að gróðurstyrkingu í Húsey 2020.